



**Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands**

**Almennur stjórnarfundur**

**FUNDARGERÐ**

<b>Dags.</b>	14. október 2015
<b>Fundartími:</b>	20:11
<b>Fundarstaður:</b>	Hallakur 1, Garðabæ
<b>Fundarstjóri:</b>	Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir
<b>Fundarritari:</b>	Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir
<b>Fjöldi mætttra:</b>	Guðbjörg Hermannsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Guðný Ólafsdóttir, Íris Ebba Ajay, Hörn Ragnarsdóttir, Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir, ásamt Marteini Tausen félagsmanni.

## 1. Breytingar á tegundaflokkum hjá FIFé

FIFé býður upp á val um að setja saman tegundaflokka. Stjórn þarf að taka ákvörðun um hvaða flokkar verði settir saman. Stjórn mun taka annan fund til að ræða þetta og taka ákvörðun. Stjórn þarf að kynna niðurstöðuna fyrir félagsmönnum um hvernig þetta muni virka og hvað þetta þýðir.

Félagsmaður kom með tillögu um að velja besta Kynjaköttinn (sérstakur KKÍ flokkur). Þá þyrfti að velja besta köttinn innan tegundar. Síðan ef tegundaflokkur 1 og 2 eru saman annars vegar og 3 og 4 hins vegar, þarf velja þar úr og svo yrði samanburður milli þeirra og þar með valinn besti Kynjakötturinn. Skemmtilegt að hafa kannski mismunandi flokka milli sýninga; besta parið, flottasti svartí kötturinn og fleira.

## 2. Yfirferð yfir haustsýningu

- Innkoma af haustsýningu var 460.475 kr fyrir miðasölu ásamt rósettum. (Posi varð batteríslaus í rúman klukkutíma á sunnudegi og þar með var eitthvað fé glatað.)
- **Muna að útbúa lista yfir hvað er selt mikið af rósettum fyrir næstu sýningu.**
- Varðandi frágang þá þarf að láta fyrirtæki með bása vita að þau geti komið eftir kl. 15 eða 16 til að taka niður.
- Innkoma af Föndur Cats básnum voru 63.000 kr.



**Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands**

**Almennur stjórnarfundur**

**FUNDARGERÐ**

### **3. Önnur mál**

- Dagatalsnefnd: Auglýsa eftir myndum á vef og Facebook.
  - Styrktaraðilar.
  - Stjórn samþykkir að hækka verð á ættbókum uppí 4900kr. Tilkynna strax, hækkun tekur gildi 1. janúar 2016.
  - Félagsmaður spyr um dómara fyrir haustsýningu 2016. Stjórn samþykkir að Marteinn mun taka að sér að finna dómara fyrir haustið og mun hann panta hótél fyrir dómara.
  - Áminning um að vera skipulagðari með kvöldmat með dómurum, vera búin að panta og ákveða hverjir koma með.
  - Stjórn samþykkir að Marteinn fari á næsta aðalfund FIFé, en sé þörf á tveim aðilum fer formaður með.
  - Marteinn býður sig fram til að hjálpa við greinar á vefnum í tegundaflokkunum.
  - **Gagnagrunnurinn ræddur.**
- Þyrfti að vera á netinu og aðgengilegur.

Fundi slitið kl. 22:23